

Eiríkur Kristjánsson, kaupmaður

Fæddur 25. ágúst 1893.
Dáinn 5. apríl 1965.

HANN var alltaf hress og kátur að hitta, hvort sem var í Bótinni á Akureyri í gamla daga eða í Austurstræti eða Bankastræti síðustu æviárin. Jafnan var Eiríkur opinspjallur og orðheppinn og oftast hafði hann einhverjar óvæntar fréttir til miðlunar, sem hann var ekkert að luma á. Slíkir menn eru skemmtilegir krydd-sáldrar hversdagsleikans. Hann orkaði þannig á mig, að ég hélt ávallt glaðari og brattari áfram götuna, eftir að hafa mætt honum og skrafað við hann og skvaldrað, því að hómör og kýmni-átti hann í ríku mæli.

Hann var kominn af hinna merku og húnvetnsku Skeggja-staðaætt, sem á víst metið í framleiðslu á alþingismönnum, nema ef vera kynni, að Reykjalíðarættin hafi jafnað metin. Og eins og vera bar og var í tísku tókst ættinni að peðra úr sér einum og einum sauðapjóf til skrauts innan um þingmennina og stórmennin, sem naumast verður sagt um Reykhlíðinga. Í þeim húnvetnsku ættar-skrautuðum bjó oft kjarkurinn, karlmennskan og mannúðin þegar skorið var niður lamb og lamb, sem bar jarmandi að garði, til að seðja hungur söltinna barna. Á slíku uppátæki var tekið harðar þá en mannsmorði í dag. Björn alþingismaður á Löngumýri hefur sagt, að slíkt hafi tíðkapt víðar en í Húnaþingi, en aðeins Húnvetningar einir þorað og getað fært í letur. Enda megnið af Íslendingasögum skráð á skinn á Þingeyrum í Þingi. Úr þessum blandaða húnvetnska jarðvegi hafa margir mættustu lyf- og skurðlæknar landsins spróttið, sem og vígreifir og þrætugjarnir lögfræðingar. Ný-læknisfræðin spyr víst mikið um ættfræðilegar heimildir eins og um aldur feðra og áa, mæðra og formæðra, líkt og spurt er um „meik“ og verksmíðjuheiti bílmótors upp á endinguna. Jafnvel þeir á Kleppi eru víst farnir að spyrja um hvort nokkrir listamenn séu í ættum viðkomandi, en aldrei um þingmenn. Því átti ég von á, að Eiríkur ætti eftir að eiga langan og ljúfan ævidag, þar sem faðir hans varð níutíu og þriggja ára og dó úr afleiðingum lærbrots og listamaðurinn undirritaður ekki nema að þriðja og fjórða við þann framlíðna að frændsemi. En það var hjartað, sem gaf sig í Eiríki eftir sjóttíu og eins árs lífsgleði. Mér fannst alltaf hjartalag hans hlýna með árunum. Því bjóst ég alltaf við, að hann yrði langlífari í landinu.

Bróðurdóttir hans var fallegasta stúlkan á Akureyri í gamla daga, sem við ungsveinarnir litum húru auga gegnum sölgleraugu ástarinnar í feimnifumi og vandræðalegri þögn. Þess vegna var mér kannski óafvitandi svo hlýtt til Eiríks og sá hann í hillungum og gyllingum vegna þessarar ættfræðilegu staðsetningar hans við meyna hjörtu, eins og vera bar í landi ættartengsla og frændsemi.

Faðir hans var jafnan nefndur K. G. og var Kristján Gíslason kaupmaður á Sauðárkróki frá Eyvindarstöðum í Blöndudal og móðir hans Björg Eiríksdóttir úr Blöndudalshólum. Bræður Eiríks voru Axel Kristjánsson, konsúll á Akureyri, faðir. Bjargar Kofoed-Hansen og Sólveigar konu Gísla Konráðssonar, forstj. á Akureyri og Páls Axelssonar í Reykjavík. Þá var Björn Kristjánsson faðir Björns flugmanns og Leifs læknis og praeista í Detroit í U.S.A. Þá Þórunn heitin Elfar, móðir Árna píanóleikara og þeirra systkina, Sigríður verzlunarmær í Rvík. Og loks hálf-systir: Ásta Kristjánsdóttir, móðir Garðars Pálssonar, skipherra og þeirra systkina.

Ungur fór Eiríkur utan. Þá fór háspennustráumur ástarinnar um meyjarnar í „bonginni við sund-

ið“ líkt og sjálfur sjarmörinn Rudolf Valentínó væri kominn í bæinn. Svo fríður þótti Eiríkur og heimsmannslægur í framgöngu og að vallarsýn. Enda hallaðist ekki á um glæsileikann með þeim hjónum þegar hann gat að eiga þá ágætu konu og miklu dömu Maríu Þorvarðardóttir, Þorvarðarsonar prentsmíðjustjóra og leikara í Reykjavík, systur Rannveigar Smith og Sigríðar, konu

Söngur Sigrúnar

Nú er hún farin, flogin, sem fyrir mig áður söng ljúfar vorsins vökur og vetrarkvöldin löng.

Nú er hún frá mér farin í fjarlægum okunna heim. Seint mun ég sjálfur gleyma söngvunum ljúfu þeim.

Hún fór með eitthvað frá mér, sem finn ég ekki meir, en skildi ótal eftir, sem aldrei hjá mér deyr.

Loks fer ég hennar að leita, sem í ljósinu burtu fló, og kalla með kyndil í hendi, yfir kolbláan Stóra-sjó.

Þá mun hún Sigrún syngja, syngja fegins ljóð, að hafa mig aftur heimtan, af hafsins miklu slóð.

Þá syngjum við aftur saman þann söng, er kenndi hún mér, að ástin eldist ekki, þótt annað fyrnist hér.


Ólafur Þorvaldsson.



um á eftir sonunum, eins og svo margir foreldrar utan af landi á eftir börnum sínum. Allir eru þeir synirnir óvenju „ovenpaa“ í lífinu, greindir og gjörfulegir menn og fylgnir sér. Elztur Kristján hæstaréttarlögmaður, kvæntur Eiríku Þórðardóttur, Sigurður skrifstofustjóri hjá I.B.M., sem á Auði Ingvarsdóttur, Örn, loftsiglingafræðingur. Kona hans er Bryndís Pétursdóttir, leikkona. Og loks Áki, verksmíðjueigandi, kvæntur Margréti Einarssdóttur.

Far vel, gamli frændi og sambæingur, og það munu margir sakna þín og hressilegheitanna, sem þú tókst með þér, hvert sem þú fórst. Þannig mun og vistin og lífið fyrir handan verða mörgum kátara, glaðara og tilbreytingameira við þangaðkomu þína.

Órlygur Sigurðsson.



Útlitsmynd af „Óskahúsinu“.

„Óskahús“ DAS

ADALVINNINGUR Hapdrættis DAS á þessu ári er fullgert hús ásamt bílskúr og frágenginni lóð að Lindarflöt 32 í Garðahreppi. Um þennan vinning verður dregið 4. apríl 1966. Þetta hús verður opið almenningi til sýnis til næstu mánaðamóta.

Auk „Óskahússins“, en það nafn hefur hús þetta fengið, verður dregið um 2400 vinninga á þessu hapdrættisári. Í hverjum mánuði verður dregið um íbúð eftir eigin vali fyrir kr. 500 þús., 4 bifreiðar eftir eigin vali fyrir 130 — 200 þúsund krónur. Þá verður mánaðarlega dregið um 194 vinninga, sem eru húsbúnaður eftir eigin vali fyrir 5—20 þús und krónur.

Fréttamönnum var fyrir skemmstu boðið að skoða „Óskahúsið“ við Lindarflöt. Húsið er nú búið öllum húsbúnaði, og mun svo verða meðan húsið verður til sýnis.

Arkitektarnir Jörundur Pálsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson hafa teiknað húsið, en bygginga meistari var Þórarinn Þórarinsson. Grunnflötur hússins er 136,5 ferm., en lóðin er 945 ferm. að

stærð. Sér Reynir Vilhjálmsson um uppsetningu hennar.

Í húsinu eru 4 svefnherbergi, búnings- og vinnuherbergi, bað, salerni fyrir gesti, þvottahús, eld hús, borðstofa og stofa.

Eins og áður er sagt verður hús ið sýnt með öllum húsbúnaði og er hann frá eftirtöldum aðilum: Húsgögn: Kristján Siggeirsson hf. Heimilistæki: Br. Ormsson h.f. og Fönix h.f.

Lampar: Lýsing h.f. Gluggatjöld og gólfteppi: Álafoss Sjóvarp/útvarp: Vélar og Viðtæki.

Pottablóm: Blómabúðin Dögg.

Gróður í garði: Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Veggteppi: Ásgerður Búadóttir. Sala lausra miða í hapdrætti DAS hófst í gær, en endurnýj un ársmiða og flokksmiða hefst 18. apríl.

Nú er unnið að því að ljúka næst síðustu álmu dvalarheimilisins Hrafnistu og á sú álma að rúma 64 vistmenn.

Verður hin nýja álma væntanlega tekin í notkun næsta Sjömannadag og á þá Hrafnistu að rúma 270 vistmenn alls.

Síldardæling suður og reiðir Norðlendingar

NÝLEGA las ég furðulega grein í Morgunblaðinu eftir Einar Ingimundarson alþingismann og bæjarfógeta á Siglufirði.

Í þessari löngu ritsmíð kom ekkert nýtt fram utan skætingur í garð Hrólfs Ingólfssonar bæjarstjóra á Seyðisfirði og annarra Austfirðinga. Þar kom hins vegar fram trú, sem ég hélt að allir nema auðtrúuðustu sálir hefðu glatað, þ.e. að hvergi hafi verið og sé hægt að salta síld nema á Siglufirði. Það vantaði aðeins klausuna um „æðru hendurnar“ til að fullkomna rausið.

Það væri fróðlegt fyrir fákunnandi Austfirðinga með „lélegu síldina“, ef þingmaðurinn vildi upplýsa okkur um það hvað mikið Siglufirðingar hafa flutt úr á undanföllum árum af cut-síld á Ameríku og Rússland og aðra erfiðari markaði, samanborið við sérverkanir.

Það þekkja allir, sem við síldarsöltun hafa fengist hvað verkun á þessa markaði útheimtir miklu meiri haust og vetrarvinnu en sérverkanirnar. Ef þingmaðurinn vildi í framtíðinni kenna sínum kjósendum hve mikil atvinnu bót það er að flokka síld, er ég viss um að aðrir síldarsaltendur yrðu fegnir, því að þá þyrftu þeir ekki að kaupa eins mikið af „atvinnubótatunnum“.

Staðreyndin er sú, að það eru ekki markaðirnir sem útheimta haust- og vetrarvinnu, sem Siglufirðingar sjá eftir, heldur sérverkanirnar, „leyfin, kvótarnir“

og hvað þeir nú kalla þetta allt, því „það er svo létt að sérverka“.

Ég hef svolítið kynnt þessu á undanföllum árum. T.d. hefir undanfarna vetur oft verið unnið hjá mér við flokkun síldar allt fram í febrúarmánuð og útflutningi ekki lokið fyrr en í apríl.

Fleiri góðir menn en Einar Ingimundarson hafa látið ljós sitt skína t.d. lýstu bæði formaður Síldarútvegsnefndar og framkvæmdastjóri í Reykjavík upp skammdegið með snjóllum tillögum um tilraunir með flutning síldar til söltunar af fjarlægum miðum. Hinsvegar hef ég hvergi orðið var við að þessir ráðamiklu menn hafi beitt sér fyrir tilraunum með geymslu síldar í landi til að jafna vinnuálagið og auka afköstin þegar söltunarsíldin er komin á land. Að minnsta kosti hef ég hvergi orðið var við niðurstöður slíkra tilrauna.

Um flutning bræðslusíldar er ekkert nema gott eitt að segja ef þeir eru framkvæmdir á heiðarlegan hátt. Norðmenn byrjuðu á þessum flutningum löngu á undan Íslendingum. Þeir hafa umskipað sinni síld utan íslenskrar landhelgi undanfarnar ár, en hart er það fyrir eigendur litlu síldarverksmiðjanna fyrir austan, sem enga báta eiga, að vita af milli-löndun inni á næsta firði á meðan þeirra verksmiðjur standa tómar og þurfa svo að borga verðjöfnunargjald til að halda þessum flutningum uppi.

Einar Ingimundarson segir:

„... að á síðustu síldarvertíð barst svo mikið hráefni til síldarvinnslustöðvanna á Austfirðum, sem meginhluta síldveiðitímabilsins lágu næst miðunum, að þær höfðu hvergi nærri undan og hlutust af því allmikil vandræði, svo sem jafnan hlýtur að verða, þegar ljóst er, að ómælanlegt magn dýrmæts hráefnis fer í súginn.“

Við þetta er það að athuga, að nú síðustu árin eftir að síldin tók að mestu að veiðast fyrir Austfirðum, hafa sjaldan orðið jafn litlar löndunartafir og á síðasta sumri, þegar frá er talin fyrsta hrotan, sem kom óvenju snemma. Erfiðleikar þessir stöfuðu fyrst og fremst af því að verksmíðjurnar voru ekki nógu vel undirbúnar, sem sumpart stafaði af hinum alkuinna lánsfjárskorti og einnig af tæknilegum ástæðum. Á það má benda að flestar Austfjarðaverksmiðjurnar hafa mjög lítið geymslurými, t.d. hefir Seyðisfjarðarverksmiðjan aðeins haft geymi og þrær fyrir fjögurra daga vinnslu. Ég vil því fullyrða að ekki hefði komið til alvarlegra löndunartafa s.l. sumar hefðu verksmíðjurnar verið tilbúnar nógu snemma og nægilegt geymslurými hefði þá verið við þær verksmíðjur sem fyrir hendi voru. Þetta kann að verða of lítið á næstkomandi sumri, þrátt fyrir nýjar og stærri verksmíðjur, ef geymslurými verður ekki stóruaikið, en síldargengd eykst og flotinn stækkar sem veiðarnar stundar, ekki sízt ef söltun leggst



Sveinn Guðmundsson

niður vegna lélegrar söltunar. Síldar og þess að ekki borgar sig fyrir skipin að landa í salt, vegna lítills verðmunar á bræðslusíld og söltunarsíld. Ég þekki engan Austfirðing, sem séð hefir neitt athugavert við síldarflutninga norður undanfarnar ár. Verksmiðjurnar fyrir austan greiddu verðjöfnunargjald s.l. ár til að greiða niður síldarflutningana norður.

Hins vegar óttast ég að Norðurland muni ekki fleyta rjómann af þessum flutningum í framtíðinni.

Og þegar ráðgerðir eru jafn stórfenglegir síldarflutningar á Faxaflóasvæðið og nú er gert, „þá ætla ek mörgum kotbóndanum munu þykkja þröngt fyrir durum.“

Það hefir verið stanzlaus dæling á fólki og fjármunum til þessa svæðið undanfarna áratugi og nú, þegar á að fara að dæla síldinni að austan á þetta Faxaflóasvæði segjum við: hingað og ekki lengra. Við tökum upp okkar landhelgisgæzlu.

Sveinn Guðmundsson Seyðisfirði.